

# UMBOÐSMANNAÞINGARALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 150 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F117/2022

Reykjavík, 10. ágúst 2022

Úlfar Lúðvíksson lögreglustjóri  
Lögreglan á Suðurnesjum  
Brekustíg 39  
260 Reykjanesbæ


Í frétttaflutningi síðustu daga hefur verið greint frá því að lögreglustjórinn á Suðurnesjum hafi ákveðið að takmarka aðgengi barna yngri en 12 ára að gosstöðvunum í Meradölum. Í viðtali við yður sem birtist í Morgunblaðinu í dag kemur jafnframt fram að ákvörðuninni verði framfylgt af lögreglu þegar almenningi verði heimiluð för um svæðið á nýjan leik. Í viðtalinu vísuðu þér m.a. til ákvæða lögreglulaga nr. 90/1996 um heimildir lögreglu til að beita sektum fari fólk ekki að fyrirmælum lögreglu.

Af þessu tilefni og með heimild í 5. og 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, er þess hér með óskað að embættinu verði veittar upplýsingar og skýringar á eftirfarandi:

1. Óskað er upplýsinga um hvort og þá hvenær téð ákvörðun lögreglustjóra hafi tekið gildi og hvort henni hafi verið markaður sérstakur gildistími.
2. Þess er óskað að lögreglustjóri skýri nánar á hvaða lagagrundvelli umrædd ákvörðun er reist og veiti jafnframt upplýsingar um það hvaða gögn, upplýsingar eða röksemdir hafi legið til grundvallar því mati lögreglustjóra að takmarka aðgengi barna yngri en 12 ára að svæðinu.
3. Hvort og þá með hvaða hætti lögreglustjórinn á Suðurnesjum hafi kynnt almenningi ákvörðun sína eða hyggist gera slíkt.

Þess er óskað að svör og eftir atvikum gögn sem varpa ljósi á framangreind atriði berist ekki síðar en 17. ágúst nk.

Virðingarfyllst,  
f.h. umboðsmanns Alþingis

  
Anna Rut Kristjánsdóttir,  
skrifstofustjóri á sviði frumkvæðismála  
og OPCAT